# Hitaveita Seltjarnarness

# Ársreikningur
# 2021

Hitaveita Seltjarnarness

Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes

Kt. 430576-0119

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra ..... 2

Áritun óháðs endurskoðanda ..... 3

Rekstrarreikningur ..... 5

Efnahagsreikningur ..... 6

Sjóðstreymisyfirlit ..... 8

Skýringar ..... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikingurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrarniðurstaða Hitaveitunnar var jákvæð á árinu 2021 að fjárhæð 7,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Hitaveitunnar var jákvætt um 86,8 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 20 millj. kr. arður til eiganda á árinu 2022 vegna rekstrarársins 2021 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Laun og tengd gjöld Hitaveitunnar námu 33,2 millj. kr. á árinu og fjöldi ársverka var 3.

Hitaveita Seltjarnarness er að fullu í eigu Seltjarnarnesbæjar.

Stjórn veitustofnana Seltjarnarness og veitustjóri staðfesta hér með ársreikning Hitaveitunnar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2022

Stjórn veitustofnana:

Veitustjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eigenda Hitaveitu Seltjarnarness.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hitaveitu Seltjarnarness („veitan") fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð veitunni. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem veitan birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem veitan gefur út en talið er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á slíkum fjárhagsupplýsingum og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins, hvort framlagðar upplýsingar séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í þeim kunni að leynast verulegar villur.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar veitustjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og veitustjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og veitustjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi veitunnar. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og veitustjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.**

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi veitunnar:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé sniðgengið.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits veitunnar, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi veitunnar.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar veitunnar og berum ein ábyrgð á áliti okkar á veitunni.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 6. apríl 2022

J. Sturla Jónsson

**Sturla Jónsson**
**löggiltur endurskoðandi**

# Rekstrarreikningur ársins 2021

| | Skýr. | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Selt heitt vatn | | 226.337 | 212.551 | 215.963 |
| Aðrar tekjur | | 714 | 0 | 2.115 |
| | | 227.051 | 212.551 | 218.078 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 19 | 33.196 | 5.094 | 32.211 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 138.015 | 120.032 | 124.747 |
| Afskriftir | 11 | 12.251 | 13.136 | 12.573 |
| | | 183.462 | 138.262 | 169.531 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 43.589 | 74.289 | 48.547 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Fjármunatekjur | | 798 | 4.000 | 1.050 |
| Fjármagnsgjöld | | (32.341) | (17.399) | (17.758) |
| | | (31.543) | (13.399) | (16.709) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir skatta | | 12.046 | 60.890 | 31.838 |
| Tekjuskattur | 13,18 | (4.529) | 0 | (11.971) |
| **Rekstrarniðurstaða** | | 7.517 | 60.890 | 19.867 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eignir | Skýr. | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | | |
| Fasteignir | | 31 | 31 | 31 |
| Veitukerfi og borholur | | 717.078 | 367.839 | 386.141 |
| Vélar og tæki | | 3.901 | 3.718 | 4.892 |
| | | 721.010 | 371.589 | 391.064 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | |
| Eignarhlutir í tengdum félögum | 12 | 127 | 0 | 127 |
| Tekjuskattseign | 13 | 28.210 | 32.179 | 32.739 |
| | | 28.337 | 32.306 | 32.867 |
| Fastafjármunir | | 749.347 | 403.895 | 423.931 |
| **Veltufjármunir:** | | | | |
| Birgðir | | 7.355 | 10.000 | 7.951 |
| Skammtímakröfur: | | | | |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 116.319 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 53.304 | 41.604 | 59.973 |
| Handbært fé: | | | | |
| Sjóður og bankainnstæður | | 18.109 | 14.000 | 14.971 |
| Veltufjármunir | | 195.088 | 65.604 | 82.894 |
| **Eignir samtals** | | 944.435 | 469.499 | 506.825 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 15 | 86.796 | 145.421 | 99.279 |
| **Skuldbindingar** | 16 | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | | 94.834 | 78.249 | 78.583 |
| Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar | | (5.015) | (3.382) | (3.668) |
| **Skuldbindingar** | | 89.819 | 74.867 | 74.915 |
| **Langtímaskuldir** | 17 | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 429.318 | 0 | 0 |
| Langtímaskuldir við Aðalsjóð | | 276.305 | 220.287 | 227.924 |
| **Langtímaskuldir** | | 705.623 | 220.287 | 227.924 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | |
| Aðalsjóður Seltjarnarness | | 0 | 10.299 | 53.892 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 7 | 24.932 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir - Aðalsjóður | 17 | 17.293 | 14.640 | 13.778 |
| Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar | 16 | 5.015 | 3.382 | 3.668 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 14.957 | 11.000 | 33.369 |
| **Skammtímaskuldir** | | 62.197 | 39.321 | 104.707 |
| **Skuldir samtals** | | 857.639 | 334.475 | 407.546 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 944.435 | 479.895 | 506.825 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

| | Skýr. | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarniðurstaða | | 7.517 | 60.890 | 19.867 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 11 | 12.251 | 13.136 | 12.573 |
| Verðbætur | | 4.250 | 0 | 0 |
| Verðbætur, aðalsjóður | | 14.165 | 7.253 | 8.279 |
| Tekjuskattseign, breyting | | 4.529 | 0 | 5.719 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | | 19.818 | 1.603 | 7.014 |
| Veltufé frá rekstri | | 62.531 | 82.883 | 53.453 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | 596 | 0 | 1.995 |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 6.668 | 0 | (8.702) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | (18.412) | 0 | 22.343 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar | | (3.567) | (2.900) | (2.977) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (14.715) | (2.900) | 12.659 |
| Handbært fé frá rekstri | | 47.816 | 79.983 | 66.112 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 11 | (342.197) | (35.000) | (76.325) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | (342.197) | (35.000) | (76.325) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 450.000 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | 0 | (14.106) | 0 |
| Aðalsjóður Seltjarnarness, breyting | | (132.480) | (10.877) | 31.907 |
| Greiddur arður | | (20.000) | (20.000) | (20.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 297.520 | (44.983) | 11.907 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | 3.139 | 0 | 1.694 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 14.971 | 14.000 | 13.277 |
| **Handbært fé í árslok** | | 18.109 | 14.000 | 14.971 |

# Skýringar

## Félagið

Hitaveita Seltjarnarness er B-hluta félag í eigu Seltjarnessbæjar. Félagið er með höfuðstöðvar að Austurströnd 2 á Seltjarnarnesi og er kennitala þess 430576-0119.

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Innlausn tekna

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð.

### Eignarhlutir í öðrum félögum

5. Eignarhlutir í tengdum félögum eru færðir til eignar á upphaflegu kaupverði

### Grundvöllur reikningsskilanna

6. Tekjuskattseign (og tekjuskattsskuldbinding) er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að tekjur og gjöld eru færð á öðrum tíma í ársreikningi en í skattuppgjöri.

   Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi, nú 37,6%.

### Birgðir

7. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### Skammtímakröfur

8. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign hitaveitunnar, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

# Skýringar frh.

### Handbært fé

9. Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

### Lífeyrisskuldbinding

10. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna veitunnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2021. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 16.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

| | **Fasteignir** | **Veitukerfi og borholur** | **Vélar og tæki** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2021 | 524 | 949.806 | 18.728 | 969.058 |
| Afskrifað áður | (492) | (563.665) | (13.836) | (577.993) |
| | 31 | 386.141 | 4.892 | 391.064 |
| Viðbót á árinu | 0 | 342.197 | 0 | 342.197 |
| Afskrifað á árinu | 0 | (11.260) | (991) | (12.251) |
| Bókfært verð 31.12.2021 | 31 | 717.078 | 3.901 | 721.010 |
| Afskriftarhlutföll | 1,5% | 2 - 15% | 15% | |

| Opinbert mat fasteigna skiptist þannig: | Fasteignamat 31.12.2021 | Brunabótamat 31.12.2021 | Bókfært verð 31.12.2021 |
|---|---|---|---|
| Fasteignir | 11.960 | 23.350 | 31 |
| Dælustöðvar | 1.441 | 0 | 2.206 |
| | 13.401 | 23.350 | 2.237 |

## Áhættufjármunir og langtímakröfur

12. Eignarhlutir í tengdum félögum greinast þannig:

| | **Eignarhlutur** | **Nafnverð** | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Hrólfskálamelur ehf., Austurströnd 2, Seltjarnarnesi | 10,00% | 100 | 127 |

# Skýringar frh.

## Tekjuskattseign

13. Tekjuskattseign greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Tekjuskattseign í ársbyrjun | 32.739 |
| Tekjuskattur ársins | (4.529) |
| Tekjuskattseign í árslok | 28.210 |

Tekjuskattseign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (10.276) |
| Lífeyrisskuldbinding | 35.657 |
| Viðskiptakröfur | (2) |
| Birgðir | (138) |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 2.969 |
| Tekjuskattseign í árslok | 28.210 |

## Skammtímakröfur

14. Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 2.800 |
| Niðurfærsla í árslok | 2.800 |

## Eigið fé

15. Yfirlit um eigið fé:

| | |
|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 99.279 |
| Arður | (20.000) |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 7.517 |
| Eigið fé samtals 31.12.2021 | 86.796 |

## Lífeyrisskuldbinding

16. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun | 78.583 |
| Breyting áunninna réttinda á árinu | 19.818 |
| Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar á árinu | (3.567) |
| Lífeyrisskuldbinding í árslok 2021 | 94.834 |
| Næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar, áætlun | (5.015) |
| | 89.819 |

# Skýringar frh.

## Langtímaskuldir

17. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | 2021 |
|---|---|
| Aðalsjóður, verðtryggt lán með 4,0% vöxtum | 293.598 |
| Aðrir lánveitendur | 454.250 |
| | 747.848 |

Afborganir af langtímaskuldum sjóðsins greinast þannig á næstu ár:

| | Aðalsjóður | Lánastofnanir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Árið 2022 | 17.293 | 24.932 | 42.225 |
| Árið 2023 | 17.951 | 25.076 | 43.027 |
| Árið 2024 | 18.635 | 25.076 | 43.710 |
| Árið 2025 | 19.344 | 25.076 | 44.420 |
| Árið 2026 | 20.082 | 25.076 | 45.157 |
| Afborgun síðar | 200.293 | 329.015 | 529.308 |
| Langtímaskuldir alls | 293.598 | 454.250 | 747.848 |

## Skattamál

18. Tekjuskattur í ársreikningi greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Reiknaður tekjuskattur 2021 | 12.201 |
| Breyting á tekjuskattsskuldbindingu | (5.719) |
| Til greiðslu á árinu 2021 | 6.482 |

Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2021 nemur 6,5 millj. kr.

## Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 | Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|
| Laun og launatend gjöld | 13.378 | 3.490 | 25.197 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 19.818 | 1.603 | 7.014 |
| | 33.196 | 5.094 | 32.211 |

# Sundurliðanir

**20. Leigutekjur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Selt heitt vatn 24% | 455 | 462 | 419 |
| Selt heitt vatn 11% | 225.882 | 212.089 | 215.543 |
| | 226.337 | 212.551 | 215.963 |

**21. Aðrar tekjur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tengigjöld | 0 | 0 | 1.236 |
| Eignaleigutekjur | 714 | 0 | 879 |
| | 714 | 0 | 2.115 |

**22. Laun og tengd gjöld**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laun | 21.339 | 2.809 | 29.468 |
| Launatengd gjöld | 4.603 | 681 | 7.715 |
| Eignfærð laun | (12.564) | 0 | (11.987) |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 19.818 | 1.603 | 7.014 |
| | 33.196 | 5.094 | 32.211 |

**23. Annar rekstrarkostnaður**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Borholur og dælur | 4.865 | 8.778 | 6.632 |
| Dælustöðvar og dreifikerfi | 48.458 | 20.622 | 37.302 |
| Sameiginlegur kostnaður | 34.691 | 40.633 | 34.713 |
| Leigugjöld fyrir vatnsréttindi | 50.000 | 50.000 | 45.000 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | 0 | 0 | 1.100 |
| | 138.015 | 120.032 | 124.747 |